



■ Kvótafrumvarpið samþykkt með nokkrum breytingum

Kostir róðrardaga eyðilagðir

– segir **Steingrímur J. Sigfússon**, alþingismaður og formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis.

„Ég er mjög ósáttur við að menn skyldu ekki manna sig upp í að taka skrefið til fulls og lögfasta almennilegt róðrardagakerfi með 90 til 100 daga sem lágmark. Meginkostir þessa kerfis eru að gefa mönnum frjálst val til að ráða sókninni innan ársins en þeir eru eyðilagðir með þessum tímabilum og gjaldfellingu á dögum sem fluttir eru milli tímabila.“ sagði **Steingrímur J.**

Sigfússon, alþingismaður og formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis, í samtali við *Alþýðublaðið*.

Stjórnarfrumvarpið um stjórn fiskveiða var samþykkt í fyrrinótt eftir nokkrar breytingar frá því sem lagt var til í upphafi. Ríkisstjórnin féll frá banndagakerfi en þess í stað verður róðrardagakerfi með 86 sóknardögum sem skiptast á fjögur tímabil ársins.

Heildaraflí smábátanna má ekki fara upp fyrir 21.500 tonn. **Sighvatur Björgvinsson** og fleiri vildu að róðrardagakerfið yrði gefið frjálst og hámarksafllinn aukinn upp í 31.500 tonn en stjórnarliðið felldi þær tillögur. Frumvarpið var samþykkt með 33 atkvæðum en 20 þingmenn greiddu ekki atkvæði.

Steingrímur J. Sigfússon sagði mál-

ið hafa skánað í meðförum þingsins en þetta róðrardagakerfi væri í skötulíki. **Arthur Bogason** formaður Landsambands smábátáeigenda segir mjög slæmt að tímabilsskiptingin hafi farið inn í lögin og að ekki tókst að lyfta þakinu á aflamarkinu. **Kristján Ragnarsson** formaður LÍÚ fagnar því að smábátamir fengu ekki meiri aflheimildir. – **Sjá baksíðu.**

■ Lúðrabýtur á Kjarvalsstöðum

Íslensk myndlist á 20. öld

Það verður líf og fjör á Kjarvalsstöðum á morgun, 17. júní, þegar sumarsýningin Íslensk myndlist verður opnuð með lúðrablaestri klukkan 16:00. Allt húsnæði Kjarvalsstaða er lagt undir þessa sýningu.

Hér er um að ræða yfirlitssýningu á íslenski tuttugustu aldar myndlist úr eigu Listasafns Reykjavíkur. Sýningunni er ætlað að bregða ljósi á þróun íslenskrar myndlistar frá byrjun þessarar aldar til dagsins í dag og jafnframt að vera kynning á listaverkæign Listasafns Reykjavíkur. Á sýningunni eru olumálverk, grafík, textílverk, leirlist, innsetningar og verk unnin með blandaðri tækni eftir mikinn fjölda íslenskra myndlistarmanna. Sýningin verður opin daglega til hausts.

Kenjar Steins

„Steinn Steinarr gat verið kenjótur og þá tekið einhvern viðstaddan fyrir. Fór það dálítið í taugarnar á mér. Bar ég í fyrstu blak af þeim, sem hann veittist að. Af því vandist ég fljótt. Steinn var feiknarlega laginn skylmingamaður á þessu sviði og erfið að standa honum snúning. En það gat verið gaman að honum, þegar sá gállinn var á honum, segir Bergsteinn Jónsson prófessor meðal annars í viðtali við Harald Jóhannsson hagfræðing.

– **Sjá blaðsíður 6 og 7.**

■ Röskva (Félag fátækra stúdenta): „Kæra þjóð, vér bjóðum yður til samfagnaðar“
Þjóðhátíðar-fögnuður stúdenta í kvöld

Röskva – samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands – gengur í endurnýjun lífdaga sinna í kvöld á Bíóbarnum undir dulnefninu *Félag fátækra stúdenta*. Tilfnið er „Þjóðhátíðar-fögnuður stúdenta“, en það þótti við hæfi að taka forskot á sæluna og fagna afmælisdegi sjálfstæðishetjunnar **Jóns Sigurðssonar** kvöldið fyrir.

Dagskráin samanstendur af „tónlist, ræðuhöldum og almennu djamma“, að sögn aðstandenda og hefst klukkan 23:00 með strengjastrokum og trumbuslætti. Leikar munu standa til 03:00 á laugardagsmorgni og sjálfsagt færast í heimahús villtra að því loknu. – Allur er þessi fögnuður aðvífandi að endurgjaldslausu.



Þjóðhátíðardagur Íslendinga hefur löngum verið Steingrími Eyfjörð Kristmundssyni hugstæður, en hann er einmitt höfundur teikningarinnar sem prýðir forsíðuna. Afmælisdagur hinnar umdeildu þjóðhetju okkar Íslendinga, **Jóns Sigurðssonar**, er semsagt á morgun, 17. júní, og um leið höldum við upp á lýðveldisstofunina einsog okkur er einum lagið – samanber hressilega sýn myndlistarmannsins. *Alþýðublaðið* vonast til að lesendur blaðsins og aðrir landsmenn hafi það sem allra náðugast yfir helgina. Við skulum um helgina vera samstiga í því að ganga löturhægt um gleðinnar gátt svo öll óþægindi fái haldist sem fjærst...


■ Hinn heimspekkti **Nicola Rescigno** stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni 22. júní

Maðurinn sem kom Mariu Callas á framfæri

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Háskólabíói fimmtudaginn 22. júní mun óperusöngvarinn **Ólafur Á. Bjarnason** syngja undir stjórn hins þekktu hljómsveitarstjóra **Nicola Rescigno**. Á tónleikunum verða fluttar nokkrar af perlum óperutónbókmenntanna. **Nicola Rescigno** er fæddur árið 1916 og af tónlistarfólki kominn. Faðir hans var trompetleikari við Metropolit-

an-óperuna í New York og því lá það beint við að hann færi í nám og starf sem tengdist óperunni. Frumraun sína sem stjórnandi þreytti hann árið 1943 þegar hann stjórnaði uppfærslu á *La Traviata* í New York. Síðan hefur hann stjórnað uppfærslum í öllum þekktustu óperuhúsum heims. Þess er vert að geta að það var **Nicola Rescigno** sem kom stórsöngkonunni **Mariu**

Callas fyrst á framfæri í Bandaríkjunum og var samstarf þeirra afar náð uppfrá því. Einsöngvarinn **Ólafur Á. Bjarnason** er Reykvíkingur sem hefur víða komið fram á tónleikum, bæði hér á landi og erlendis. Undanfarin fjögur ár hefur hann verið fastráðinn sem fyrsti tenór við óperuhús í Þýskalandi. **Ólafur Á. Bjarnason** hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir söng sinn.



Nicola Rescigno: Margreyndur snillingur.



...og þú lækkar bensínkostnaðinn

